



Sveitastjórnarfundur 10-2022  
Skagabúð 29. desember 2022 kl 13:00

Mættir eru Erla Jónsdóttir, Magnús Björnsson, Steinar Kristjánsson, Bjarney R Jónsdóttir og Vignir Sveinsson.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum, Bjarney ritaði fundargerð, gengið var til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla mála

### 1. Álagning útsvars - breyting

„Hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk  
Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 16.12.2022, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 16.12.2022, samþykkir sveitarstjórn Skagabyggðar að álagningahlutfall útsvars fyrir árið 2023 hækki um 0,22% og verði 14,74%.“

Tillagan samþykkt samhljóða

### 2. Úrgangsmál

Oddviti lagði fram tillögu um að segja upp verksamningi um sorphirðuþjónustu. Tillagan var samþykkt og oddvita falið að segja upp samningnum fyrir áramót. Búnaðarfélag Skagabyggðar er að skoða tilhögun á förgun á rúlluplasti til að ná fram hagræðingu og lækka kostnað við þann lið sorphirðu. Sveitastjórn lýsir ánægju með það og málið verður unnið áfram.

### 3. Samningur um Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands

„Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir fyrirliggjandi samning milli sveitarstjórna Fjallabyggðar, Húnabyggðar, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um rekstur barnaverndarþjónustu á Mið-Norðurlandi og felur oddvita undirritun hans. Er samningurinn gerður með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 þar sem fjallað er um umdæmi barnaverndarþjónustu og 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samkvæmt samningnum er sveitarfélagið Skagafjörður leiðandi sveitarfélag í samstarfinu og sem slíku falið fullnaðarvald til afgreiðslu barnaverndarmála á starfssvæði samningsins sem tekur gildi 1. janúar 2023. Samningurinn er ótímabundinn með endurskoðunarákvæði vegna kostnaðarskiptingar fyrir 1. mars 2023 og almennri endurskoðun fyrir 31. desember 2023. Uppsögn samnings skal gerð fyrir 1. september ár hvert og tekur þá gildi við næstu áramót að því gefnu að sveitarfélagið hafi greitt allan þann kostnað sem því ber.“  
Samþykkt samhljóða.





#### 4. Breyting á samþykkt um stjórn Skagabyggðar - fyrri umræða

Lögð fram drög að viðauka við samþykkt um stjórn Skagabyggðar nr. 795/2016. Breytingarnar eru gerðar vegna innleiðingar á farsældarlögum sem miða að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og málefni fatlaðs fólks þar sem sveitarfélagið framselur vald til leiðandi sveitarfélags.

Samþykkt samhljóða og jafnframt samþykkir sveitarstjórn að vísa málinu til síðari umræðu sveitarstjórnar.

#### 5. Samstarfssamningar

Farið var yfir samstarfssamninga sveitarfélaganna Skagabyggðar og Skagastrandar um Fræðslunefnd, Höfðaskóla, Leikskóla, Námsstofu, Félagsmiðstöðina, Félagsstarf aldraðra, Slökkvilið, ungmennafélagið Fram og Fjallskilamál. Þessir samningar eru orðnir gamlir, flestir síðan 2007 og það þarf að yfirfara þessa samninga og endurskoða með aðilum frá Sveitarfélaginu Skagaströnd.

#### 6. Gjaldskrá sveitarfélagsins

Oddviti lagði fram tillögu um að fasteignagjöld 2023 verði:

- Fasteignaskattur A-gjald 0,50 % af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur B-gjald 1,32 % af fasteignamati húss og lóðar
- Fasteignaskattur C-gjald 0,50 % af fasteignamati húss og lóðar
  
- Losun rotþróa verði 45.000 kr per rotþró við skipulagða losun á vegum sveitarfélagsins
  
- Sorpeyðingargjald verði 48.000 per íbúð, regluleg sorphirða í boði.
- Sorpeyðingargjald verði 12.900 per frístundahús og hús í tímabundinni notkun
- Sorphirðugjald verði 100.000 kr á útihús í rekstri per rekstraraðila.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til breytinga á gjaldskrá síðar á árinu þegar nýjir samningar verða gerðir um sorpþjónustu.

#### 7. Skipulagsmál

Umræður urðu um skipulagsmál í Kálfshamarsvík, Erlu og Vigni falið að vinna málið áfram

#### 8. Styrkir Skagabyggðar

Oddviti lagði fram tillögu

- að námsstyrkjum ungmenna að 20 ára aldri, upphæð 15.000 á önn miðað við fullt nám fyrir árin 2022 og 2023. Tillagan samþykkt samhljóða
- að frístundastyrkjum grunnskólanema, upphæð 15.000 á önn. Tillagan samþykkt samhljóða

Reglur um samþykkt námsstyrkja og frístundastyrkja samþykktar.

#### 9. Bréf

- a) **Styrkbeiðni Umf. Fram og Björgunarsveitin Strönd á Skagaströnd v/flugeldasýningu á gamlárskvöld.**

Hafnað að styrkja flugeldasýningu en ákveðið að veita styrk að upphæð 50.000kr.

- b) **Bréf Magnús Guðmannsson, ósk um stuðning vegna auka tæmingar á rotþró.**

Eirindi hafnað





**c) Stjórn Búnaðarfélags Skagahrepps**

Stjórn Búnaðarfélags Skagahrepps óskar eftir styrk til kaupa á pinnatætara. Samþykkt að veita búnaðarfélaginu styrk að upphæð 600þ og lán að upphæð 600þ til þriggja ára með jöfnum árlegum afborgunum. Oddvita falið að ganga frá samning við formann félagsins.

**10. Fundargerðir**

**a) Fundargerð 916. fundar Samband íslenskra sveitarfélaga.**

Til kynningar

**11. Önnur mál**

**a) Byggðamerki Skagabyggðar**

Fyrir lá tillaga að byggðamerki, samþykkt að nota fyrirliggjandi merki í bláum og hvítum lit.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukka 19:30

\_\_\_\_\_  
Erla Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Bjarney Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Vignir Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Magnús Björnsson

\_\_\_\_\_  
Kristján Steinar Kristjánsson

